

**Frumvarp til laga um leigubifreiðar.
Athugasemdir frá bifreiðastjórafélaginu Átak.**

Bifreiðastjórafélagið Átak vísar til athugasemda sinna við frumvarp til laga um leigubifreiðar sem lagt var fyrir 126. löggjafarþing en frumvarp þetta er í öllum aðalatriðum eins og frumvarpið sem lagt var fram á síðasta þingi.

Bifreiðastjórafélagið Átak ítrekar athugasemdir sínar við að yfirstjórn og framkvæmd mála varðandi leiguakstur skuli falin Vegagerð ríkisins og telur heppilegast að Samgönguráðuneytið fari áfram með yfirstjórn mála varðandi leiguakstur.

Leigubifreiðastjórar eru sjálfstæðir atvinnurekendur og miða verður við að umgjörð um leiguakstur sé sem frjálust þó þannig að gætt sé að hæfnis- og öryggisreglum svo viðskiptavinir leigubifreiðastjóra eigi trygg og örugg viðskipti við þá. Einsleitni í framkvæmd við eftirlit með leiguakstri með tilliti til öryggis viðskiptavina leigubifreiðastjóra verður að tryggja.

Þrátt fyrir athugasemdir telur félagið að frumvarpið sé að mörgu leyti til bóta en gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

2. gr.

Átak leggur til að við **2. mgr. 2. gr. bætist: “enda sé gætt jafnræðis milli bifreiðastöðva og félaga leigubifreiðastjóra.”**

3. gr.

Í 3. gr. segir að þeir einir megi stunda leiguakstur sem hafa afgreiðslu á bifreiðastöð sem fengið hefur viðurkenningu Vegagerðarinnar. Bifreiðastjórafélaginu Átak finnst ekki rétt að binda starf leigubifreiðastjóra við að þeir hafi afgreiðslu á bifreiðastöð. Leigubifreiðastjórar eru sjálfstæðir atvinnurekendur og eiga að geta stundað leyfisbundna atvinnu sína án þess að hafa afgreiðslu á bifreiðastöð. Þetta ákvæði í frumvarpinu er óeðlilegt og leggur skyldu á leigubifreiðastjóra umfram aðra sjálfstæða atvinnurekendur. Með sama hætti mætti setja ákvæði í lög varðandi lækna að þeir megi ekki stunda lækningar nema þeir hafi afgreiðslu á læknamistöð. Eða lögfræðinga að þeir megi ekki taka að sér lögfræðileg málefni nema þeir séu starfandi á lögfræðistofu o.s.frv. Eðlilegra væri að orða 1. mgr. þannig:

1. mgr.

“Allir leigubifreiðastjórar sem fengið hafa gilt atvinnuleyfi sbr. 6. gr. og 7. gr. mega stunda leiguakstur.”

Eins og lagagreinin er nú orðuð þá stenst hún ekki. Á það er bent að vísað er í 1. mgr. frumvarpsins til takmörkunarsvæðis skv. 8. gr. en ekki liggur fyrir skv. 8. gr. hvaða svæði um er að ræða. Í 8. gr. frumvarpsins er ekki getið um nein sérstök takmörkunarsvæði en skv. 8. gr. er Samgönguráðherra heimilað að setja reglugerð sem kveður á um fjölda bifreiða í leiguakstri á ákveðnum svæðum með nánar tilgreindum skilyrðum. Takmörkunarsvæðin eru því ekki ákveðin. Rúmlega 90% leiguaksturs í landinu fer fram á Suðvesturhorni landsins og þar ætti að vera um sameiginlegt atvinnusvæði leigubifreiðastjóra að ræða þó að svæðisbundin atvinnuskipting muni eigi sér stað eðli máls skv. með tilliti til hagkvæmni á svæðinu. Ef setja á ákveðnar

takmarkanir skv. 8.gr. á þetta svæði þá liggur fyrir að nánast allur leiguakstur er bundinn við að bifreiðastjórar þurfi að vera á bifreiðastöð. Átak telur það ekki eðlilegt og telur miðað við hvernig búseta og leiguakstur hefur þróast í landinu óþarfa að vera með svæðaskiptingu hvað varðar leyfisveitingar til leiguaksturs. Annað mál er að þess sé gætt af hálfu þeirra sem fara með veitingu atvinnuleyfa að ekki verði um offramboð að ræða. Mikilvægt er að leigubifreiðastjórar hafi sjálfstæði til að stunda vinnu sína án atbeina bifreiðastöðva ef þeir kjósa það en eðli máls skv. mun þó meginþorri bifreiðastjóra jafnan skrá sig á og starfa á vegum viðurkenndrar bifreiðastöðvar.

Meginatriðið er að bifreiðastjórafélagið Átak gerir þá kröfu að löggjafarvaldið hlutist til um þá breytingu á 3.gr. að leigubifreiðastjórar geti starfað sem sjálfstæðir atvinnurekendur án þess að vera bundnir bifreiðastöð.

5. gr.

1.tl. Átak leggur til að 1.tl. orðist svo: “ Hefur staðist meira próf fyrir leigubifreiðastjóra sbr. 50.gr. umferðarlaga nr. 50/1987” Með því að breyta ákvæðinu í þessa veru liggur ljóst fyrir hvers er krafist

2.tl. Átak er sammála ákvæðinu að öðru leyti en því að félagið telur að ekki eigi að binda sig eingöngu við löggilt kaupleigufyrirtæki og leggur því til að við bætist í 2. tl. “ annan sambærilegan aðila eða með viðskiptum við einstakling eða fyrirtæki þar sem bifreið er keypt með afborgunarkjörum.”

6.tl. Átak er alfarið á móti því að sjálfstæðir atvinnurekendur þurfi að láta af leyfisbundnum störfum við 70 ára aldur. Skilyrði þess að menn fái að stunda akstur leigubifreiða er að þeir standist almenn hæfisskilyrði. Átak telur að þeir sem standast þau hæfisskilyrði sem sett eru sem skilyrði fyrir því að menn fái atvinnuleyfi til aksturs leigubifreiða eigi að gilda svo lengi sem menn hafa það hæfi sem krafist er hvort heldur þeir verða 70 ára yngri eða eldri. Í 1. tl. er kveðið á um að leigubifreiðastjórar verði að hafa almenna starfshæfni og það er það sem við verður að miða en ekki setja sérstök aldurskilyrði.

6. gr.

Átak telur að veiting atvinnuleyfa eigi að vera í höndum Samgönguráðuneytisins.

8. gr.

Átak telur eðlilegra að sá sem gefur út atvinnuleyfi móti stefnu um fjölda útgefinna atvinnuleyfa í stað þeirra reglna sem lagt er til að verði settar skv. frumvarpinu. Leiguakstur í landinu er að mestu leyti bundin við tvö svæði á landinu þ.e. Suðvesturhluta landsins og Akureyri/Eyjafjarðarsvæðið. Hafa verður þetta í huga og með tilvísun til þess er eðlilegra að um samræmda stefnu um veitingu atvinnuleyfa til leiguaksturs sé um að ræða í stað þeirra reglna sem lagt er til í frumvarpinu. Á það er einnig bent í þessu sambandi að takmörkun skv. 8.gr. er valkvæði fyrir stjórnvaldshafa að fengnum tillögum og umsögnum. Af þeim sökum væri eðlegra að orða 8.gr. þannig:

“Samgönguráðherra ákveður að fengnum tillögum Vegagerðarinnar hvað mörg atvinnuleyfi skuli gefin út hvert ár fyrirfram og skal við það miðað að útgefin atvinnuleyfi séu það mörg að fjöldi leigubifreiða sé nægur og eðlileg samkeppni sé fyrir hendi um leiguakstur.”

Með því að breyta frumvarpinu í þessa veru yrði öll stjórnýslan í greininni einfaldari og ódýrari. Ákvörðunin yrði þá í höndum Samgönguráðuneytisins að fengnum tillögum Vegagerðarinnar og markmiðið það sama og verið er að stefna að skv. orðalagi frumvarpsins eins og það er nú.

9. gr.

Átak telur eðlilegt að félög bifreiðastjóra annist um veitingu undanþágna skv. 3. mgr. í stað bifreiðastöðva. Félög bifreiðastjóra eiga að fara með hagsmunamál leigubifreiðastjóra en ekki bifreiðastöðvarnar.

Þá ítrekar Átak nauðsyn þess að fella niður ákvæði í 7. mgr. varðandi aldurstakmars sem er óeðlilegt svo sem vikið er að fyrr í umsögninni.

11. gr.

Eðlilegt er að ákveða nánar hvað átt er við og hver refsiramminn á að vera. Nauðsynlegt er að skilgreina hvaða brot varða leyfissviptingu þar sem að um mjög alvarlega refsingu er þá um að ræða.

12. gr.

Átak lýsir fullri andstöð við að greiða eigi ákveðin gjöld án tillits til raunkostnaðar og binda þau við ákveðna krónutölu. Átak telur nauðsynlegt að gjöld séu ákveðin með tilliti til raunkostnaðar. Þá telur Átak rangt að innheimta árlegt gjald fyrir atvinnuleyfi og telur að þeir sem þegar hafi leyst til sín gilt atvinnuleyfi eigi að hafa það og eigi ekki að þurfa að borga árelga fyrir leyfið enda verður ekki séð að sérstakur kostnaður falli til vegna atvinnuleyfis þeirra. Sá kostnaður sem að Vegagerðin kann að verða fyrir er m.a. og líklega aðallega vegna þess að Vegagerðin er að rækja almennt eftirlits- og öryggishlutverk sem fráleitt er að leigubifreiðastjórar borgi sérstaklega fyrir. Þannig leggur Átak áherslu á að greitt sé fyrir atvinnuleyfi þegar það er gefið út en það sé einungis við útgáfu atvinnuleyfis en síðan sé ekki greitt neitt meira vegna þess og leggst eindregið gegn almennri árlegri skattlagningu á leigubifreiðastjóra í formi þess að þeir greiði árlega fyrir atvinnuleyfi sitt. Átak leggur því til að 12 gr. orðast svo:

“ Upphæði gjalda fyrir útgáfu atvinnuleyfis, útgáfu atvinnuskírteina, fyrir tímabundna innlögn atvinnuleyfis, fyrir úttekin leyfi, vottorð um gilt atvinnuleyfi vegna bifreiðakaupa og fyrir færslu á milli stöðva skulu ákveðin af Samgönguráðherra að fengnum tillögum Vegagerðarinnar og skulu gjöldin vera í sem mestu samræmi við raunkostnað Vegagerðarinnar af umræddri starfsemi.”

Átak gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

Jón Stefánsson formaður Átaks.

